


A B C D E F G



7. maí 2018

Kæri verðandi nemandi í Hólabrekkuskóla,

Þar sem þú ert að byrja í Hólabrekkuskóla í haust langar okkur að bjóða þér í heimsókn í skólann **miðvikudaginn 16. maí kl. 14:00 – 16:00**. Við hlökkum mikið til að fá þig í skólann og ætlum að vinna verkefni, lesa sögu, fara í frímínútur, borða nesti og sitthvað fleira.

Ef þú átt skóladót mátt þú taka það með þér, annars færðu það lánað hér í skólanum. Það er líka mjög gott að koma með hollt og gott nesti en það er mikilvægt ef þú ætlar að vera dugleg/ur í skólanum.



Kæru foreldrar,

Það er með ánægju að við bjóðum ykkur í Hólabrekkuskóla ásamt barni ykkar **miðvikudaginn 16. maí kl. 14:00 – 16:00**. Nemendur verða hjá kennurum í kennslustofum en þið fáið kynningu á skólanum í hátíðarsalnum. Skólinn stendur fyrir tveggja daga námskeiði fyrir foreldra 6 ára barna. Þetta er fyrri námskeiðsdagurinn en sá síðari verður miðvikudaginn 12. september nk. og verður hann betur auglýstur síðar.

Vinsamlegast komið að innganginum í nýbyggingu (frá Austurbergi / skólalóð). Í anddyrinu hanga nafnalistar sem vísa börnunum á stofunúmer. Við hlökkum til að sjá ykkur.

Með góðri skólakveðju,
frá okkur öllum í Hólabrekkuskóla